

Borgarráð

***Knattspyrnufélagið Vikingur - styrkur vegna vatnstjóns***

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita Knattspyrnufélaginu Viking styrk að upphæð 60 m.kr. til að gera við kjallara í húsnæði félagsins í Mörk eftir vatnstjón sem varð á húsnæðinu í vor. Jafnframt er lagt til að skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði falið að endurskoða fjárfestingaáætlun í tengslum við endurgerð grasæfingasvæðis og tennisvalla félagsins.

Greinargerð

Í vor varð verulegt tjón á húsnæði Vikings í Mörk en yfirborðsvatn fæddi inn í kjallara hússins. Fyrir liggur úttekt og kostnaðaráætlun vegna viðgerða á húsnæðinu. Tjónið er þess eðlis að ekki er hægt að kaupa tryggingar fyrir tjóni af þessari gerð og ljóst að félagið hefur ekki fjárhagslega burði til að standa undir endurbótum á húsinu. Á fjárfestingaáætlun ársins 2017 eru 50 m.kr. vegna endurbóta á grasæfingasvæði. Í samráði við félagið hefur náðst samkomulag um að endurskoða þær áætlanir. Í stað þess að stækka grasæfingasvæði félagsins þá verði tennisvellir lagaðir. Endurskoða þarf fjárfestingaáætlun ársins 2017 til lækkunar en jafnframt þarf að tryggja að fjármunir til endurgerðar tennisvalla verði til staðar á næsta ári. Gert er ráð fyrir að framkvæmt verði fyrir um 30 m.kr. í ár vegna grasæfingasvæðis.

Dagur B. Eggertsson